

Nd.

696. Frumvarp til laga

[424. mál]

um breyting á erfðalögum, nr. 8/1962.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Á eftir 3. mgr. 9. gr. laganna komi ný málsgrein er orðist svo:

Annað hjóna eða bæði geta þó ávallt mælt svo fyrir í erfðaskrá að það þeirra sem lengur lifir skuli hafa heimild til að sitja í óskiptu búi með niðjum beggja hvort sem þeir eru fjárráða eða ófjárráða. Ber skiptaráðanda þá að gefa út leyfi til setu í óskiptu búi til eftirlifandi maka eftir umsókn hans nema ákvæði 8. gr. standi í vegi fyrir því.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Flutt hefur verið á þessu þingi frumvarp til laga um breyting á erfðalögum, nr. 8/1962, 53. mál Nd., þskj. 53. Flutningsmenn eru Guðrún Helgadóttir, Birgir Ísl. Gunnarsson, Guðmundur Einarsson, Guðrún Agnarsdóttir og Jón Baldvin Hannibalsson. Efnisgrein frumvarpsins er svohljóðandi:

„Á eftir 3. mgr. 7. gr. laganna komi ný málsg. er orðist svo:

Nú verður því hjóna, sem á lífi er, ekki veitt heimild til setu í óskiptu búi af ástæðum, er greinir í 1., 2. og 3. mgr. þessarar greinar, og þrátt fyrir ákvæði 14. og 16. gr. laga þessara skulu skipti þó ekki taka til íbúðarhúsnæðis sem eftirlifandi maki býr í, né til húsmuna hans, nema hann óski sjálfur að búinu sé skipt að öllu leyti, enda uppfylli hann skilyrði 8. gr. og hafi ekki gengið í hjúskap að nýju, sbr. 13. gr. Eftirlifandi maki, sem þannig öðlast umráðarétt yfir íbúðarhúsnæði og húsmunum, hefur ekki eignarráð né ráðstöfunarrétt þeirra eigna eins og um setu í óskiptu búi væri að ræða.“

Frumvarp þetta var lagt fram á síðasta þingi en varð ekki útrætt.

Allsherjarnefnd hefur fjallað ítarlega um frumvarp þetta á mörgum fundum. Leitað var álits margra aðila um efni þess. Svör bárust m. a. frá dr. Ármanni Snævarr fyrrv. hæstaréttardómara, Guðrúnu Erlendsdóttur dósent, Ragnari H. Hall borgarfégeta, Lögmannafélagi Íslands og Bjarna Bjarnasyni borgardómara. Þá komu einnig á fund nefndarinnar til viðræðna allmargir aðilar sem sérþekkingu hafa á sviði erfðalaga og erfðamála.

Enginn þeirra, sem lét í ljósi álit sitt á frumvarpinu eða nefndin átti viðræður við, mælti með samþykkt þess í óbreyttri mynd. Komu fram ýmsar athugasemdir um að framkvæmd

Þess mundi reynast erfið, það mundi valda réttaróvissu og skertur væri mjög réttur niðja beggja og bréferfingja við búskipti. Á það var bent að samkvæmt gildandi lagaákvæðum á eftirlifandi maki langstærstan hluta í búinu. Hann á í fyrsta lagi helming búans og erfir síðan $\frac{1}{3}$ hluta en niðjar $\frac{2}{3}$ hluta af helmingi eignanna. Af þeim sökum væri það áhorfsmál hvort svipta ætti lögerfingja rétti þeirra til þess að krefjast skipta á búi sem eftirlifandi maki situr í. Gæti þeim verið það mikið hagsmunamál að fá arfshlut sinn greiddan úr búinu eins og nógildandi lög gera ráð fyrir.

Hins vegar kom fram í ýmsum umsagnanna skilningur á því að við lát maka geta skapast erfiðleikar hjá eftirlifandi maka ef erfingjar gera kröfu um búskipti. Getur þá makinn, sem eftir lifir, þurft að flytja af heimili sínu sem veldur röskun á lífsháttum, ekki síst hjá þeim sem aldraðir eru orðnir.

Niðurstæða könnunar og umræðna í allsherjarnefnd um mál þetta var sú að í stað frumvarps á þskj. 53 flytti nefndin nýtt frumvarp til breytinga á erfðalögum, nr. 8/1962. Með því er komið til móts við ofangreinda hagsmuni eftirlifandi maka og skilyrði sköpuð til þess að hann geti setið í óskiptu búi svo lengi sem hann kýs, jafnvel þótt krafa um skipti búans komi fram frá niðjum beggja.

Um 1. gr.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. erfðalaganna, nr. 8/1962, getur fjárráða erfingi, sem samþykkt hefur setu eftirlifandi maka í óskiptu búi, þrátt fyrir það krafist skipta á búinu sér til handa með eins árs fyrirvara.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að sú breyting verði hér gerð á að annað hjóna eða bæði geti þó ávallt mælt svo fyrir í erfðaskrá að það þeirra sem lengur lifir skuli hafa heimild til þess að sitja í óskiptu búi með niðjum beggja hvort sem þeir eru fjárráða eða ófjárráða. Með þessu ákvæði er mökum gert kleift að koma í veg fyrir að búi verði skipt að kröfu erfingja, þ. e. niðja beggja, og því hjóna, sem eftir lifir, tryggð áframhaldandi seta í óskiptu búi. Er á þennan hátt þá komið í veg fyrir að eftirlifandi maki þurfi e. t. v. að leysa upp heimili sitt og selja íbúðarhúsnæði til þess að greiða út hlut erfingja.

Til þess að réttur maka, sem lengra lífs verður auðið, til setu í óskiptu búi sé ótvíræður verður að fullnægja því skilyrði að fyrirmæli séu um það gerð í erfðaskrá. Þurfa hjón því að gera slíkan löggerning ef þau vilja að um slíkan búseturétt verði að ræða eftir andlát annars þeirra. Ella gilda hin almennu ákvæði laganna að fjárráða erfingjar geta krafist búskipta með árs fyrirvara.

Athygli skal vakin á því að heimildin til þess að ákveða í erfðaskrá að það hjóna, sem lengur lifir, skuli hafa rétt til að sitja í óskiptu búi tekur aðeins til niðja beggja, fjárráða eða ófjárráða.

Ef hið látna á fjárráða niðja á lífi sem ekki eru niðjar hins geta þeir jafnan krafist skipta sér til handa þrátt fyrir erfðaskrárákvæði.

Viðauki.

Fram skal tekið að Guðrún Helgadóttir og Guðmundur Einarsson, sem sæti eiga í allsherjarnefnd Nd., samþykktu flutning frumvarpsins þegar ljóst var að nefndin yrði ekki sammála um hið upprunalega frumvarp þeirra á þskj. 53 þar sem þau töldu hið nýja frumvarp skref í rétta átt.